

Trúnaðarmannaráð Sameykis

Dags. 10.11.2020	Kl. 13:15	Staður: Grettisgata og fjarfundabúnaður
Fundarboðari: JÞ	Fundarritari: ISF	Mættir 211

- Ávarp formanns, Árni Stefán Jónsson
- Stytting vinnuvikunnar – dagvinna - fulltrúi kjarasviðs Sameykis
- Stytting vinnuvikunnar – vaktavinna – fulltrúi kjarasviðs Sameykis
- Önnur mál

1. Ávarp formanns

Árni Stefán setti fundinn sem átti upphaflega að vera þann 2/11. Tæknilegir örðuleikar komu í veg fyrir það.

2. Stytting vinnuvikunnar – dagvinna

Árni fór yfir hvert megin markmiðið var með styttingu vinnuvikunnar, að ná 36 stunda vinnuviku, þar sem neysluhlé eru hluti vinnutíma, vinnutími er samfelldur með neysluhléum. Ef neysluhléin eru ekki hluti af vinnutímanum er viðvera 38:55 klst, þá hafa starfsmenn forræði yfir neysluhléinu.

A. Hefðbundin neysluhlé eru hluti af vinnutímanum starfsmaður hefur ekki forræði á neysluhléunum.

- *Dagleg stytting: Hefðbundin neysluhlé – 2 kaffitíma og hádegismatur.*

Dæmi: Vinnutími **kl. 8 -15:12.**

- *Vikuleg stytting: Hefðbundin neysluhlé – 2 kaffitíma og hádegismatur.*

Dæmi: Starfsmaður vinnur kl. 8-16 fjóra daga vikunnar en einn dag í viku er vinnutíminn **kl. 8-12.**

- *Hálfs mánaðarleg stytting: Hefðbundin neysluhlé – 2 kaffitíma og hádegismatur.*

Dæmi: Starfsmaður vinnur níu daga frá **kl. 8-16** en er í fríi tíunda vinnudaginn.

M.v. 36 klst. vinnuviku => 17,3 klst. á mán. / 2,1 dagar á mán. / 1 mán. á ári

Árni sýndi mismunandi útfærslur stofnana

Tillaga 2 – Dagleg stytting vinnutíma og á opnunartíma í vikulok

Opnunartími kl. 8:30-15:00 mán-fim og kl. 8:30-13:30 á föstudögum.
Opnunartími skerðist um 90 mínútur á föstudögum.

Vinnutími miðast við kl. 8:00-15:30 mán-fim og kl. 8:00-14:00 á fös.
Matarhlé breytist frá 30 mínútum utan vinnutíma í 20 mínútna neysluhlé innan vinnutíma.
Vikulegur vinnutími er 36 klst.

Tillaga 3 - Dagleg stytting vinnutíma og opnunartíma

Opnunartími kl. 8:15-14:30 alla daga.
Opnunartími skerðist um 15 mínútur á dag eða 75 mínútur á viku.

Vinnutími miðast við kl. 8:00-15:12.
Matarhlé breytist frá 30 mínútum utan vinnutíma í 20 mínútna neysluhlé innan vinnutíma.
Vikulegur vinnutími er 36 klst.

Hér er dæmi um styttingu um 13 mínútur á dag og neysluhlé teljast ekki til vinnutíma.

B: Stytting vinnutíma um 13 mínútur á dag eða 65 mínútur á viku. Neysluhlé teljast ekki til vinnutíma.

• Dagleg stytting

Dæmi: Vinnutími **kl. 8:00-15:47**.

• Vikuleg stytting

Dæmi: Starfsmaður byrjar **kl. 8-16** fjóra daga vikunnar en einn dag í viku er vinnutíminn **kl. 8:00-14:55**.

• Hálfmánaðarleg stytting

Dæmi: Starfsmaður vinnur níu daga frá **kl. 8-16** en tíunda daginn frá **kl. 8-13:50**.

Gott er að semja um hvað verður leyft að gera á vinnutíma, hér er dæmi um slíkt samkomulag sem kemur frá sjálfseignarstofnun.

Skrepp

Launað skrepp á vinnutíma	Ólaunað skrepp sem verður utan vinnutíma
Fjarvera tengd heilsufari starfsmanna	Fjarvera sem er valkvæð og ekki nauðsynleg á vinnutíma
Læknir, tannlæknir, sjúkraþjálfun	Klipping, litun, plokk og andlitsbað (öll snyrting)
Fjarvera tengd heilsu barna starfsmanna	Nudd
Læknir og tannlæknir	Verslun
Fjarvera tengd heilsufari nákominna ættingja	Bílastúss
Læknaviðtöl	Heilsurækt
Fjarvera í neyðartilfellum	Út að borða
Slys, sóttkví og einangrun	Stúss vegna framkvæmda
Andlát og jarðarfari nánustu aðstandenda	Bankamál
Fjarvera tengd skólagöngu grunnskólabarna	Skólasýningar / skólahátíðir
Skólasetning / skólalok og foreldraviðtöl	

Árni fór yfir ferli innleiðingar á styttingunni. Gerð eru drög að vinnutímasamningi sem fer í atkvæðagreiðslu meðal starfsmanna.

Skoða þarf sérstaklega aðstæður þeirra sem hafa bundna viðveru.

Umræður voru um túlkun á neysluhléum og fleira. Árni og Guðmundur Freyr fóru yfir spurningar frá þátttakendum.

Spurt var hvort stjórnendum í grunnskólum sé heimilt að nota styttinguna til að dekkja skólafrí. Árni sagði að þetta sé umbun hjá sumum, tímar sem sumir sleppa við að vinna. Skólastjórnendur hafa rætt þetta, að láta styttinguna dekkja þessa daga. Þetta er til umræðu ennþá.

Spurt var um neysluhlé í leikskólum, hvort þau haldi sér, Árni sagði að svo ætti að vera.

Það er ekki reiknað með að styttingin sé nýtt til að lengja páska- jóla- eða sumarfrí. Mest er reiknað með að taka frídag á hálfmánaðarfresti.

3. Stytting vinnuvikunnar – vaktavinna

Þórarinn fór yfir ferilinn hvað vaktavinnu varðar.

Hann benti á vefsíður, t.d. betrivinnutimi.is (og styttri.is). Þar er ýmis fróðleikur og vefurinn er sífellt í þróun.

Í vaktavinnukerfunum er farin önnur leið en í dagvinnu, þetta er miðlæg ákvörðun um breytingu á vaktavinnukerfinu. Þar er hægt að stytta úr 36 í 32 stunda viku. Vaktálagsflokkum fjölga. Vaktahvati verður á erfiðasta vinnutímanum.

Hvað gerist?

- Vinnuvikan styttist að lágmarki úr 40 klukkustundum í 36 klukkustundir á viku
- Styttist að lágmarki úr 173,33 vinnustundum á mánuði í 156 stundir á mánuði
- Viðbótarstytting í allt að 32 vinnustundir á viku með verðmæti erfiðasta vinnutímans
- Vaktálagsflokkum fjölga og verðmæti erfiðustu vinnustundanna eykst
- Sérstakur launaauki (vaktahvati) verður á erfiðasta vinnutímanum

Kerfisbundin innleiðing

- Kjarasamingar á opinbera markaðnum
- Stytting á mánaðarlegri vinnuskyldu úr 173,33 stundum, niður í 156 vinnustundir á mánuði. Getur farið niður í 138 stundir.
- 10% stytting sem skilur eftir sig svokallað „mönunargat“ ef ekkert annað er gert
- Launaþættir í vaktakekerfunum breytast í grundvallaratriðum og verðmæti/virðisauki launa tekur á sig aðra mynd
- Allt starfsfólk (í fullu starfi og í hlutastarfi) á að njóta nýrra launaauka
- Starfsfólk í hlutastarfi hefur rétt á að vinna sama vinnustundafjölda og hækkar þá í starfshlutfalli og launum

Það eru innleiðingahópar hjá Ríki, Reykjavíkurborg og Sveitarfélögum. Það eru matshópar sem meta reglulega og kerfisbundið hvernig til tekst.

Nú á að vera búið að greina starfsemi og kynna styttinguna fyrir starfsmönnum. Vinna við umbótahugmyndir ætti að vera að klárast. 1.nóv – 14. janúar 2021 eiga stjórnendur að bjóða hlutastarfsfólki að hækka við sig starfshlutfall, sami vinnutími og áður en hærra starfshlutfall. Ný vaktaskýrsla á að vera tilbúin í byrjun apríl og nýtt kerfi á að taka gildi 1. maí 2021.

Þórarinn fór yfir helstu breytingar sem verða á vægi vinnuskyldustunda og fleira.

Laugardag, sunnudag og á kvöldvakt bætist við 3 mín pr. klst. Næturvakt, klukkustundin verður 12 mínútum lengi.

Vægi vinnuskyldustunda

Vægi vinnuskyldustunda verður

	Morgunvakt	Kvöldvakt	Næturvakt
Mán.	1	1,05	1,20
Þri.	1	1,05	1,20
Mið.	1	1,05	1,20
Fim.	1	1,05	1,20
Fös.	1	1,05	1,20
Lau.	1,05	1,05	1,20
Sun.	1,05	1,05	1,20

Vaktaálag

Vaktaálag verður

	Morgunvakt	Kvöldvakt	Næturvakt
Mán.	0	33,33%	65%
Þri.	0	33,33%	65%
Mið.	0	33,33%	65%
Fim.	0	33,33%	65%
Fös.	0	55%	75%
Lau.	55%	55%	75%
Sun.	55%	55%	75%

Sérstakir frídagar

90%

120%

120% álag

Aðfangadagur kl. 16-00

Jólanótt kl. 00-08

Gamlársdagur kl. 16-00

Nýársnótt kl. 00-08

Próséntutalan þýðir hækkun á launum. 14 dagvinnu/kvöldvaktir, þá breytist ekkert. (Fjöldi vakta 14 og tegund 1 og 2)

Ef ég vinn 15 vaktir þá kemur fyrsta breytingin til.

Vaktahvati – hækkandi virði vakta

Hlutfall vaktahvata

Fjöldi vakta	Fjöldi tegunda vakta			
	1	2	3	4
19		10,0%	12,5%	12,5%
18		7,5%	10,0%	12,5%
17		7,5%	7,5%	12,5%
16		2,5%	7,5%	10,0%
15		2,5%	2,5%	7,5%
14			2,5%	7,5%

Vaktahvati – virknipættir



12 tíma vaktakerfi virkar ekki hér, þeir ná ekki inn í þetta kerfi því þeir vinna aldrei meira en 13 vaktir á mánuði. Því er verið að þvinga breytingum á vaktakerfið. Styttri vaktir eru líka heilsusamlegri á allan hátt.

Jöfnun vinnuskila við dagvinnufólk

Vinnutími vaktavinnnumanna var

Vikur	Jan.	Feb.	Mar.	Apr.	Maí	Jún.	Júl.	Ágú.	Sep.	Okt.	Nóv.	Des.	
1	24	40	40	24	8	40	24	40	32	16	40	32	Helgidagafri eða bæting
2	40	40	40	40	40	40	40	40	40	40	40	40	
3	40	40	40	40	40	40	40	40	40	40	40	40	
4	40	40	40	40	40	40	40	40	40	40	40	40	
5	40		16	32	40	16	40	8	24	40	8	32	

Vinnutími vaktavinnnumanna verður (m.v. dagatal 2020)

Vikur	Jan.	Feb.	Mar.	Apr.	Maí	Jún.	Júl.	Ágú.	Sep.	Okt.	Nóv.	Des.	
1	14,4	36	36	21,6		28,8	21,6	28,8	28,8	14,4	36	28,8	Lækkun á vinnuskilum
2	36	36	36	21,6	36	36	36	36	36	36	36	36	
3	36	36	36	28,8	36	28,8	36	36	36	36	36	36	
4	36	36	36	28,8	28,8	36	36	36	36	36	36	25,2	
5	36		14,4	28,8	36	14,4	36	7,2	21,6	36	7,2	25,2	

Spurt var um vaktareikni sem er inni á betrivinnutimi.is en hann virkar ekki fyrir alla starfsmenn, t.d. starfsmenn í sundlaugum. Þórarinn sagði að gott samstarf er við verkefnahóp sem mun útfæra vinnutíma, eins og þeir eru núna yfir í það sem verður. Alls konar tilbrigði eru og þau munu aðstoða við að reikna út. Starfsmenn hvattir til að hafa samband.

Spurt um 100% starfsfólk, getur það unnið 40 tíma og fengið 110% laun? Markmiðið er að stytta vinnutímann og halda launum, þannig eru laun í raun að hækka.

Spurt um ólík fylgiskjöl dagvinnufólks eftir samningum. Það ætti að styðjast við okkar fylgiskjöl sem ganga lengst, það er heimild til þess.

Spurt um dagvinnufólk í hlutastarfi, geta þau hækkað sitt starfshlutfall? Ekki er reiknað með því.

Spurt um næturvinnu, sumir vinna jafnvel viku í senn, eingöngu næturvaktir. Í nýju kerfi á ekki að hafa 12 tíma vaktir, það er ekkert sem bannar það þó, en horfa ætti til vinnuverndarsjónarmiða. Sá sem er bara á einni tegund vakta fær ekki vaktahvata.

Spurt var um tímavinnustarfsmenn í vaktkerfum, það er ekki búið að leysa það.

4. Önnur mál.

Árni minnti á auglýsingar, áminningar og fleira sem Sameyki er að gera til að vekja máls á verkefninu. 3 fundir eru skipulagðir á næstunni fyrir trúnaðarmenn sem þurfa meiri upplýsingar eins og staðan er nú. Á fimmtudag kl. 14:30 verður fyrsti fundurinn. Skráning er nauðsynleg, þar verður minni hópur og hægt að eiga samtál, ekki bara senda skriflegar spurningar á spjallglugga.

Fundi slitið kl. 14:40